

Reglur um Íþróttá- og æskulýðssjóð Hvalfjarðarsveitar og úthlutun styrkja úr sjóðnum til íþróttá- og æskulýðsmála í Hvalfjarðarsveit

1. Sjóðurinn heitir Íþróttá- og æskulýðssjóður Hvalfjarðarsveitar og er í umsjón Fjölskyldu- og frístundanefndar Hvalfjarðarsveitar sem gerir tillögu að úthlutun styrkja úr sjóðnum sem lögð er fram til samþykktar hjá sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar.
2. Markmið og hlutverk sjóðsins er að styðja við íþróttá- og æskulýðsmál í Hvalfjarðarsveit og styrkja einstaklinga, félagasamtök, hópa og stofnanir með lögheimili í Hvalfjarðarsveit til góðra verka í íþróttá- og æskulýðsmálum.
3. Fjárframlag til sjóðsins er samkvæmt fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar ár hvert og miðast styrkveitingar sjóðsins við það. Verkefni/atburðir skulu eiga sér stað á því almanaksári sem styrkveiting fer fram. Verkefni/atburðir mega ekki þiggja aðra styrki frá sveitarfélaginu. Heimilt er að krefjast endurgreiðslu á styrkfé ef gefnar hafa verið upp rangar upplýsingar í styrkumsókn og ef ekki kemur til verkefna sem sótt er um eða um annan forsendubrest er að ræða. Heimilt er að hafna umsóknum.
4. Fjölskyldu- og frístundanefnd Hvalfjarðarsveitar auglýsir árlega eftir styrkbeiðnum til íþróttá- og æskulýðsmála. Úthlutun úr sjóðnum skal lokið fyrir 1. júní ár hvert en auglýst skal eftir umsóknum í sjóðinn eigi síðar en 1. mars ár hvert. Gagnsæi og vönduð vinnubrögð skulu höfð að leiðarljósi við meðferð umsókna og úthlutun styrkja. Þær umsóknir einar eru gildar sem berast innan umsóknarfrests í auglýsingu um styrki. Starfsmaður nefndarinnar ber ábyrgð á meðferð og afgreiðslu styrkumsókna.
5. Umsóknum skal skilað á þann hátt sem auglýst er eftir ár hvert. Auk almennra þátta skal eftirfarandi koma fram í umsókn:
 - Markmið, lýsing og tilefni umsóknar
 - Styrkupp hæð sem óskað er eftir
 - Tíma- og verkáætlun
 - Kostnaðaráætlun
 - Önnur fjármögnun

Heimilt er að vísa frá umsókn ef fullnægjandi gögn/upplýsingar koma ekki fram.

Félög og/eða hópar sendi inn ársreikning síðastliðins árs og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs.

6. Fjölskyldu- og frístundanevnd metur umsóknir eftir markmiðum verkefna og hvernig þau nýtast til að efla fjölbreytt íþróttá- og æskulýðsstarf börnum og unglingum í Hvalfjarðarsveit til góðs. Tekið er mið af raunhæfni verkefna, kostnaðaráætlun auk tíma- og verkáætlunar. Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um niðurstöðu styrkveitinga og hvenær úthlutun fer fram sé styrkur veittur. Styrkhöfum ber að skila stuttri greinargerð um ráðstöfun styrkfjár eigi síðar en ári eftir úthlutun. Hafi styrkhafi sótt um styrk að nýju án þess að hafa skilað inn slíkri greinargerð, vegna áður úthlutaðs styrks, áskilur nefndin sér rétt til þess að hafna umsókninni.
7. Þeir aðilar sem hljóta styrki frá Hvalfjarðarsveit skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.
8. Reglur þessar taka gildi þann 1. janúar 2019. Samhliða því falla úr gildi reglur um Styrktarsjóð Hvalfjarðarsveitar þar sem Íþróttá- og æskulýðssjóður Hvalfjarðarsveitar og Menningarsjóður Hvalfjarðarsveitar munu taka við hlutverki Styrktarsjóðs Hvalfjarðarsveitar.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 11. desember 2018